

**Sp.**

**311. Fyrirspurn**

**[147. mál]**

til viðskiptamálaráðherra um verðlagsmál.

Frá Birni Jónssyni.

1. Hvaða flokkar vöru og þjónustu hafa frá 1. marz 1960 og þar til nú verið leystir undan verðlagsákvæðum?
2. Á hvaða flokkum vöru og þjónustu hafa ákvæði um álagningu í heildsölu og smásölu verið rýmkuð frá 1. marz 1960 og þar til nú, og hverjar eru breytingarnar í hverjum flokki?
3. Á hvaða flokkum vöru og þjónustu hafa ákvæði um álagningu í heildsölu og smásölu verið þrengd frá 1. marz 1960 og þar til nú, og hverjar eru breytingarnar í hverjum flokki?
4. Hvert er áætlað heildarsöluverðmæti til neytenda, miðað við sömu flokka og áður er spurt um:
  - a) Þeirrar vöru og þjónustu, sem leyst hefur verið undan verðlagsákvæðum?
  - b) Þeirrar vöru og þjónustu, sem verðlagsákvæði hafa verið rýmkuð á?
  - c) Þeirrar vöru og þjónustu, sem verðlagsákvæði hafa verið þrengd á?